

Orlofsfréttir

Síðastliðinn vetur hefur stjórn orlofsjóðs unnið að skipulagningu vegna komandi orlofsárs og nýtt sér niðurstöður þjónustu- og notendakannana meðal sjóðfélaga við þá stefnumótun. Niðurstöður þessara kannana voru m.a. að sjóðfélagar voru ánægðir með þá orlofskosti sem hafa verið í boði og vilja bæta við fleirum um allt land. Nýting orlofskosta hefur verið góð allt síðastliðið ár. Orlofsblaðið hefur komið út rafrænt undanfarin 2 ár en í ár mun ekkert blað koma út heldur verða allar upplýsingar um orlofskosti á orlofsvef Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hjukrun.is. Þar koma fram upplýsingar um leigutíma, verð, leigutímabil og fleira. Eins verður úthlutunarhappdrætti ekki þetta árið.

Fjöldi nýrra orlofskosta

Í ljósi ástandsins sem covid hefur skapað hefur stjórn sjóðsins unnið hörðum höndum við að bæta við fleiri kostum sem og

að bæta gæði þeirra í samræmi við óskir sjóðfélaga. Auglýst hefur verið eftir eignum um allt land og einnig eru áætlanir um að orlofsjóðurinn kaupi fleiri eignir og er það í vinnslu. Orlofsárið 2021 bætast við eignir á Akureyri, Tálknafirði, Dýrafirði, Siglufirði og Suðurlandi svo eitthvað sé nefnt. Einnig bættist við síðastliðið haust Stóratofa 2 í Hrífunesi sem er mitt á milli Víkur og Kirkjubæjarklausturs. Þrjár nýir orlofskostir koma strax í notkun í apríl og verður opnað fyrir þá vorúthlutun í byrjun mars. Opnun fyrir bókanir hefst 22. mars kl. 10:00 fyrir fyrsta forgangshóp, 25. mars fyrir annan hóp og 29. mars fyrir þá sem eru eftir.

Eins og staðan er núna verða 25 orlofskostir í boði í sumar auk hótelmiða líkt og fyrri ár. Stjórn orlofsjóðs hvetur alla sjóðfélaga til að skoða orlofsvefinn og nýta sér það sem er boði þar. Eins eru nýjar hugmyndir alltaf vel þegnar.

Stjórn orlofsjóðs Fíh

Kjörnefnd auglýsir eftir framboðum



Kjörnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga auglýsir eftir framboðum í stjórn félagsins, ritnefnd Tímarits hjúkrunarfræðinga, orlofsjóð, styrktarsjóð og kjörnefnd fyrir kjörtíma - bilið 2021-2023. Einnig er auglýst eftir skoðunarmönnum fyrir kjörtímabilið 2021-2022:

1. Stjórn félagsins, 3 stjórnarmenn og 1 varamaður
2. Ritnefnd Tímarits hjúkrunarfræðinga, 4 aðalmenn
3. Orlofsjóður, 5 aðalmenn
4. Styrktarsjóður, 3 aðalmenn og 2 varamenn
5. Kjörnefnd, 3 aðalmenn og 1 varamaður
6. Skoðunarmenn, 2 skoðunarmenn

Samkvæmt lögum félagsins er kosið til tveggja ára í senn, nema í tilfalli skoðunarmanna, þar er kosið til eins árs í senn. Hámarksseta í nefndum og stjórn er fjögur tímabil samfellt.

Félagsmenn með fulla aðild eru kjörgengir í sjóði, nefndir og ráð á vegum félagsins ef lög þessi eða landslög kveða ekki á um aðra skipan.



Félagsmenn með fagaðild og lífeyrisaðild eru kjörgengir í nefndir og ráð á vegum félagsins ef lög þessi eða landslög kveða ekki á um aðra skipan.

Kosning fer fram á aðalfundi félagsins 12. maí 2021. Framboð tilkynnist til kjörnefndar í netfangið kjornefnd@hjukrun.is

Framboðsfrestur er til 12. apríl 2021